

Nd.

333. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Rétt þykir að gera hér nánari grein fyrir þessum breytingum, þar sem nefndin gerir miklar breytingar á 1. gr. frv., þó ekki sé um efnisbreytingar að ræða. Nefndin taldi að samkvæmt orðalagi í frvgr. kæmi ekki nægjanlega skýrt fram vilji löggjafans hvar draga ætti mörkin eða hvernig meta ætti afgerandi sérþarfir bótaþega við ákvörðun uppbótar, auk þess sem mikilvæg málsg. sem er í núgildandi lögum, var felld brott.

Samkvæmt frv. átti að halda orðalagi 3. mgr. 19. gr. í núgildandi lögum, en bæta við örorkustyrkþegum. Framkvæmd laganna nú varðandi þessa grein er sú, að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið uppbót vegna mikils kostnaðar af lyfjum og vegna sérstakrar umönnunar í heimahúsum, svo dæmi sé tekið.

Tilgangur frv. er að greiða uppbót vegna bensínkostnaðar elli- og örorkulífeyrisþega, svo og örorkustyrkþega, sem nánari skilyrði yrðu sett um í reglugerð, — en ekki að örorkustyrkþegar fengju uppbætur þær sem nú eru veittar elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. gildandi lögum, en slíkt gæti hæglega misskilist ef breyting yrði gerð á þessari málsgrein varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar, enda þjónar sú grein allt öðrum tilgangi og einungis fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Því gerir nefndin tillögu um að 3. mgr. núgildandi laga verði óbreytt, en inn komi ný málsgrein sem eingöngu taki til uppbótar vegna bensínkostnaðar öryrkja.

Einnig skal á það bent, að samkvæmt frv. átti að falla niður 4. mgr. núgildandi laga, sem er mikilvægt ákvæði, t. d. vegna framkvæmda tekjutryggingarákvæðis í 1. mgr. 19. gr.

Nefndin gerir því tillögu um að núgildandi 4. og 5. mgr. verði áfram í gildi sem 5. og 6. mgr., en gerir aðeins á þeim orðalagsbreytingar, þar sem ákvæði þeirra greina eiga einnig við varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar öryrkja í 4. mgr.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur G. Þórarinnsson og Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi, 17. apríl 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Jóhann Einvarðsson.

Einar K. Guðfinnsson.

Guðrún Helgadóttir.